

# EFNIÐ OG ANDINN

## Viðtal við Hörð Ágústsson um sýningu hans að Kjarvalsstöðum

Það þarf vart að kynna Hörð Ágústsson fyrir lesendum. Sem starfsamaður og skapmikill listamaður, kennari og fyrirlesari, sérfræðingur í byggingarsögu Íslands, ritstjóri og áhugamaður um alla hönnun hefur hann þegar sett mark sitt á íslenska menningu og þjóðlíf. Fyrstu sýningu sína hélt Hörður árið 1949 og hafa verk hans sést á almannafæri á nær


hverju ári síðan og þessa dagana sýnir hann um 100 myndir að Kjarvalsstöðum. Sýninguna nefnir hann „Úr lit og formsmiðju 1953-1976“ og stendur hún fram til 12. október.

Aðalst. Ingólfsson: Hörður, má af nafni sýningarinnar ráða að hér sé um yfirlitssýningu að ræða?

Hörður Ágústsson: Alls ekki. Við getum kallað þetta yfirlitssýningu á ákveðinni hugmyndafræði, — uppgjör við arkitektinn í mér.

A.I.: Mörgum finnst þú margskiptur, bæði í starfi og list. Í listinni vinnur þú annars vegar frjálst og ljóðrænt, en hins vegar stranggeómetriskt eins og á þessari sýningu. Er ekki um neina togstreitu að ræða hér, eða eru þetta tvær hliðar á sama hlutnum?


H.A.: Einar Benediktsson sagði að í sér væru tveir menn, séntilmaður og dóni og þeir töluðust ekki við. Í mér er bæði arkitekt og ljóðskáld og þeir eru sifjell að rifast. Sem barn vildi ég verða bæði arkitekt og listmálari, mála formiddaginn og byggja eftirmiðdaginn — en þetta hefur mér ekki tekist enn. Geómetrían tók sinn tíma að þroskast hjá mér og má segja að hvað mig snerti spretti hún upp úr ítalskri endurreisn, þ.e. nýklassískum kenningum spekinga eins og Alberti og Pacioli um hlutföll, gullinsíði, jafnvægi o.s.frv. Allt var þetta hluti af endurvakningu platónskrar hugsunar um „fullkomin“ form. Þetta drakk ég í mig á árunum í kringum 1950. En úr þessum kenningum gat ég ekki unnið þá þegar, því ég var í



hann byggir enn á geómetriskum grunni, en drottinn minn, — hann er að gera stórkostlega hluti. Svo hafa Ameríkanarnir verið að endurnýja sig á þessum sama grunni. A.I.: Finnst þér að í verkum af því tagi sem þú sýnir nú eigir þú samleið með einhverju af því sem er að gerast í erlendri list? H.A.: Eg held að á ýmsum stöðum sé verið að vinna að sömu hugmyndinni, — ekki skal ég neita því. Þú ert líklega að spyrja hvort ég sé undir áhrifum frá Stella. Auðvitað sá ég Stella á sínum tíma, en það var hvati þess að ég dró fram þessar teikningar og klippi-myndir frá 1953-55 og fór að

H.A.: Já, en afstraktmálari má ætíð gæta sín á því að falla ekki í leikaraskap með samræmda liti og á því reyndi ég ávallt að gæta mín. Þetta er ekki skreytilist og því er hún fremur exklúsíf, eins og einlífi eða jóga. Að vísu er hún fyrir hvern sem er, — en hún gerir miklar kröfur til skoðandans, sem ég held að sé virðingarfóttur við hann. Þetta er list, sem er í raun ekki langt frá tónlist.

A.I.: Þú vinnur þessar myndir á nýstárlegan hátt, — og ég veit ekki til þess að nokkur hafi lagt út á sömu braut. Þú byggir þær algjörlega upp með lituðum límböndum. Hver er kosturinn við slík vinnubrögð?




Frakklandi og komst í snertingu við franskan expressjónisma sem vakti í mér skáldið og ýtti arkitektinum til hliðar um stund. Svo var ég aftur á Ítalíu 1952 og endurnýjaði kynnin við Giotto og sannfærðist endanlega um það að geómetrísku formin, hringurinn, ferhyrningurinn og þríhyrningurinn, móta alla list. Ári síðar höldum við Karl Kvaran, Sverrir Haraldsson og Eiríkur Smith samsýningu sem ásamt Vorsýningunni það ár lagði grundvöllinn að geómetriskri list á Íslandi. Stuttu síðar heimsótti ég Vasareley í París, en hann var þá að byrja með optískar myndir, og fannst mér að þetta væri rétta leiðin fyrir mig. Síðan hafa arkitektinn og ljóðskáldið togast á og vonandi endar sú barátta með jafntefli. A.I.: Nú hafa menn leitað til geómetríunnar til að hreinsa málverk af öllum óþarfa tilfinningum. Aðrir vilja hins vegar meina að beina línan og rétta hornið séu í sjálfu sér alveg eins tilfinningalega hlaðin eins og frjálsa línan. H.A.: Geómetrían er að vísu mikill hreinsunareldur, en vissulega verða tilfinningar að vera með í spili þegar myndverk er byggt upp. Skynsemin og tilfinningarnar verða að haldast í hendur, í öllu sem við gerum.

A.I.: Nú hefur þú verið haldið fram af mörgum að geómetrisk-optíska listin hafi runnið sitt skeið á enda og önnur list henti heiminum í dag. H.A.: Um það veit ég ekki. Skeiðok verða aldrei bundin vissu ártali. Yngri menn sækja að sjálfsgöðu á önnur mið, en það segir ekki allt. En í raun er það ekki réttlátt að ætlast til þess að menn séu að stökkva á milli sviða í list. Þótt ég sé sjálfur ekki saklaus af slíku. Sjáðu t.d. Karl Kvaran,



AÐALSTEINN INGÓLFSSON



Myndlist

vinna úr þeim upp á nýtt. Annars finn ég til meiri skyldleika við Jósef Albers og litatilbrigði hans, auk þess sem mér þykir Barnett Newmann áhrifamikill listamaður.

A.I.: Nú vinnur þú með sterka liti sem þú raðar saman á alla mögulega vegu, þangað til samspil þeirra veldur gjarnan titringi á sjónhinnunni. Er það þessi sjónerting sem skiptir mestu máli í þessum myndum?

H.A.: Alls ekki. Mörgum finnst hún bölvanleg í fyrstu, en ég er hættur að taka eftir henni. Nei, það er annað og meira sem ég er að stefna að, — ég er að reyna að gefa myndunum andlegt inntak.

A.I.: Nú hefur þú gert eins konar Kristsmýndir, t.d. myndröðina um mannsoninn á síðustu sýningu þinni í Norræna húsinu. Er skyldleiki með þeim myndum og þessum hér?

H.A.: Vissulega. An þess að vera með neina trúarjátningu, þá hef ég eins og aðrir verið upptekinn af spurningunni um guðdóm, um æðstu rök tilverunnar. Þar á ég alls ekki við spiritisma, — nei, þessar myndir eru hluti af ákveðnum dialóg og um þau andlegu lögmál, sem standa á bak við tilveruna. Þessar myndir gætu því verið hinar einu og sönnu altaristöflur nútímans.

A.I.: Svo þessar myndir hafa mun víðara gildi heldur en það að erða sjónhinnuna og vera hugguleg hýbýlapryði.

H.A.: Í myndum eins og þessum verða öll skil að vera hrein og bein, og því er mun þægilegra að vinna þær svona, í stað þess að mála þær. Þetta er einfaldlega hagkvæmni. Þetta auðveldar mér einnig að vinna í myndröðum.

A.I.: En er ekki það litaval sem þessi litbönd bjóða upp á það þröngt að það takmarki útfærslu hugmyndanna?

H.A.: Alveg öfugt. Eg ákvað í byrjun að vinna einungis með frumlitina og því hentuðu límböndin ágætlega. Þetta gerir það að verkum að litirnir blandast á sjónhinnunni en ekki á fletinum og miklu hreinni verkan kemur út úr málverkinu.

A.I.: Ert þú ekki hræddur við að texti, auglýsingar og önnur hönnun sem byggist á samstillingu og samspili litræma, geri skoðandanum erfiðara fyrir í mati á málverki af því tagi sem þú vinnur?

H.A.: Alls ekki. Þau gera sitt til þess að útbreidda svipaðar hugmyndir. Ef þú skoðar innbú og skreytingar renaissance húsa, þá sérðu sömu uppsetningu og koma fram í málverkum meistaranna.

A.I.: Að lokum Hörður, hvað viltu ráðleggja þeim, sem kemur inn á sýningu eins og þína í fyrsta sinn?

H.A.: Að vera fordómalaus, — vera eins og barn. Myndirnar get ég ekki skýrt frekar, enda er það hið óútskýranlega sem skiptir mestu máli í listaverki.

**BÍLAÚRVALIÐ**  
BORGARTÚNI 29 SÍMI 28488

**Höfum kaupanda að Chevrolet Blazer**  
'73-'74, sem mætti greiðast að fullu á 10-12 mánuðum.

## Starfskraftur

óskast strax við auglýsinga- og innheimtustörf.

þarf að geta unnið sjálfstætt.

Reglusemi áskilin.

Umsóknir ásamt upplýsingum um fyrri störf sendist Dagblaðinu, Þverholti 2, fyrir 12. þ.m. merkt „Rösk 222“.

## KOMIÐ TÍMANLEGA

Með dekkinn til neglunar

Snögg og góð þjónusta

Vorum áður á horni Hofsvallagötu og Ægissíðu

**NÚ**

aðeins steinsnar þaðan að BJARGI við Nesveg, rétt við Vegamót

úrvals Ný og sóluð snjódekk

Óþið alla daga

**jón ÓLAFSSON**

Símar 23470 26784